



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Drög að samkomulagi skóla- og frístundasviðs við Unicef á Íslandi

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. maí 2018 voru lögð fram drög að samkomulagi skóla- og frístundasviðs við Unicef um samstarf um framkvæmd verkefnisins Réttindaskóla Unicef á Íslandi, viðauki við samkomulag Unicef á Íslandi og skóla- og frístundasviðs um innleiðingu hugmyndafræði Réttindaskóla og frístund auk minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 17. maí 2018, varðandi samning skóla- og frístundasviðs við Unicef um Réttindaskóla og Réttindafrístund.

Samþykkt og vísað til borgarráðs með fimm atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Framangreindu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Drög að samkomulagi
Viðauki við samkomulag
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 17. maí 2018



UNICEF á Íslandi., kt.481203-2950, Laugavegi 176, 105 og Skóla-og frístundasvið Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609, hér eftir nefnd *UNICEF* og *Skóla-og frístundasvið*, hafa gert með sér eftirfarandi

samkomulag

UNICEF og Skóla-og frístundasvið lýsa því yfir og eru sammála um að þau muni ganga til samstarfs um framkvæmd verkefnisins *Réttindaskólar UNICEF á Íslandi*. Að skólar og starfsstöðvar á vettvangi frítímans innleiði hugmyndafræði *Réttindaskóla* sem UNICEF hefur þróað og Barnasáttmálann. Sem þýðir að þær samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í starfi sínu og að forsendur sáttmálans séu leiðarstef í starfsemi þeirra. Barnasáttmállinn er þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna og réttinda þeirra. Áfangaskipting innleiðingar verði unnin í nánu samstarfi og með hliðsjón af aðstæðum í einstaka skólum, frístundaheimilium og félagsmiðstöðvum.

Framkvæmd verkefnisins er í höndum stjórnenda þeirra starfsstöðva sem hefja innleiðingu á hugmyndafræði *Réttindaskóla* með reglulegum og vel tilgreindum stuðningi UNICEF í formi fræðslu og ráðgjafar. Stuðningur UNICEF er nánar útlistaður í meðfylgjandi viðauka við samkomulag þetta.

Aðilar samkomulagsins lýsa með undirritun sinni, yfir vilja sínum og ætlun um að viðhafa gott samstarf með réttindi og velferð barna á vettvangi skóla- og frítímans að leiðarljósi. Ef upp kemur ágreiningur vegna samkomulags þessa skulu aðilar reyna að leysa hann í sátt. Kjósi aðilar að fara með deiluna fyrir dómstóla skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 18.maí 2018

f.h. UNICEF á Íslandi

f.h. Skóla-og
frístundasviðs
Reykjavíkurborgar

Bergsteinn Jónsson



Viðauki við samkomulag UNICEF á Íslandi og Skóla-og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um innleiðingu hugmyndafræði Réttindaskóla og frístund:

Verkefnisrammi, tímaáætlun og fjárhagsforsendur

Í kjölfar þess að Alþingi lögfesti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (febrúar 2013) hafa skapast umræður um hlutverk og ábyrgð íslenskra sveitarfélaga við innleiðingu sáttmálans. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur meðal annars bent á að sveitarfélög séu órjúfanlegur þáttur við innleiðingu sáttmálans. Þótt aðildarríki Barnasáttmálans beri höfuðábyrgð á að uppfylla skuldbindingar hans framkvæma sveitarfélögin stærstan hluta þeirra verkefna sem hafa beina tengingu við daglegt líf barna. Innleiðing Barnasáttmálans er því háð áhuga og þátttöku sveitarfélaga.

Hugmyndafræði

Réttindaskóli er hugmyndafræði fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálanum, hér eftir) og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna eftir líkaninu leggja sáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum. Áhersla er lögð á að skapa umhverfi sem byggist á þátttöku, jafnrétti og virðingu.

Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annarra starfsmanna.

Á sama tíma og Réttindaskólaverkefnið gengur út á að skapa lýðræðislegt umhverfi styður það einnig við ferla sem þegar eru til staðar innan skóla- og frístundastarfs, sem byggja m.a. á lögum um grunnskóla, aðalnámskrá, skólanámskrá, viðmið um gæði í frístundastarfi, stefnumótun í æskulýðsmálum, skóla- og jafnréttisstefnum.

Samkvæmt íslenskum grunnskólalögum (nr. 92/2008) og nýrri aðalnámskrá (2011/2013), bera skólar ekki einungis ábyrgð á því að tryggja að börn á Íslandi fái þá menntun sem þeim ber, heldur eiga þeir jafnframt að vera uppspretta þekkingar um mannréttindi. Í lögunum segir meðal annars að hver sá sem starfi innan skóla eigi að efla, miðla og tryggja virðingu fyrir mannréttindum og að menntun eigi að taka mið af þessum réttindum. Almenn ákvæði grunnskólalaganna falla undir starfsemi frístundaheimila.



Í almennum hluta aðalnámskrár er í fyrsta sinn gerð grein fyrir sex grunnþáttum íslenskrar menntunar (læsi, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni og jafnrétti). Einn umræddra þátta, lýðræði og mannréttindi, undirstrikar þá áherslu sem lögð er á mannréttindafræðslu og að skólarnir búi börn undir að verða virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi. Þó að grunnþættirnir séu settir fram sem sex ólíkir þættir, tengjast þeir innbyrðis og eru háðir hver öðrum. Sem dæmi má nefna að ekki getur orðið virkt lýðræði án þess að stuðlað sé að jafnrétti í þjóðfélaginu; mannréttindi verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð, í sjálfbærni felst virðing fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðislegum vinnubrögðum og jafnrétti. Það má því segja að með innleiðingu hugmyndafræði Réttindaskóla felist mörg tækifæri til að vefa grunnþætti námskrárinnar inn í skólann og styrkja þannig samspil á milli aðalnámskrárinnar og skólastarfs.

Þegar skóli, frístundaheimili eða félagsmiðstöð hefja innleiðingu Réttindaskólaverkefnisins þýðir það ekki að nýtt sjónarhorn bætist við verkefnalistann, heldur að skapaður sé rammi utan um hin ólíku sjónarhorn, stefnur og gildi sem nú þegar er verið að vinna með. Réttindaskólinn er því heildarmynd sem krefst þess að starfsfólk og börn og ungmenni vinni saman að sameiginlegu markmiði.

Fimm forsendur Réttindaskóla

1. Þekking á réttindum barna - 42. grein Barnasáttmálans.

Allir innan skólans og í frístundastarfsins, hvort sem það eru skólastjórnendur, starfsmenn, börn eða forsjáraðilar hafa þekkingu á grundvallarforsendum Barnasáttmálans og skilja hvernig þær tengjast skóla- og frístundastarfinu.

2. Barna- og ungmennalýðræði – 12. grein Barnasáttmálans.

Börnum og ungmennum eru gefin reglubundin tækifæri til að taka þátt í þróun skóla- og frístundastarfs, segja skoðun sína og láta í sér heyrna í tengslum við málefni er þau varða. Þeir starfsmenn sem taka ákvarðanir innan skólans og frístundastarfsins taka tillit til skoðana barnanna og gefa þeim upplýsingar um ákvarðanir sem teknar eru.

3. Eldmóður fyrir réttindum barna – 2., 4., 12. og 29. greinar Barnasáttmálans

Börn og ungmenni fá reglubundin tækifæri, þvert á kennslufög, til að læra um eigin réttindi á sama tíma og þau læra að öll börn eigi sömu réttindi. Í Réttindaskólum þjálfast börn og ungmenni einnig í að beita réttindum sínum. Þau eru hvött til að beita sér innan skóla- og frístundastarfs og samfélagsins í víðari skilningi.

4. Forsendur Barnasáttmálans hluti af daglegu starfi – 2., 4., 12. og 29. greinar Barnasáttmálans

Barnasáttmálinn er rauður þráður í skóla- og frístundastarfi. Stjórnendur vinna með markvissum hætti að því að gera sáttmálann að viðmiði í stjórnsýslu skóla- og frístundastarfs. Forsendur sáttmálans eru grunnurinn að daglegum samskiptum barna, ungmenna, kennara og frístundaráðgjafa. Forsendurnar eru einnig notaðar sem viðmið þegar skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar móta stefnur og reglur starfsins.



5. Samstarf – 2., 3. og 6. grein Barnasáttmálans.

Skóli, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og skyldar stofnanir eiga í nánu samstarfi með hliðsjón af réttindum barna. Samstarfið er þróað með það að markmiði að deila reynslu og efla réttindastarfið. Mikilvægt er að skapa sameiginlegan ramma utan um börnin hvort sem það er á skólatíma eða í frístundum. Markmiðið með auknu samstarfi er einnig að styðja við bakið á þeim börnum sem hafa þörf fyrir sérstakan stuðning innan skólans eða í frístundastarfi.

Innleiðingarskrefin

Innleiðingarferlið felst í sex skrefum sem gera starfsfólki kleift að innleiða hugmyndafræði Réttindaskólans með einföldum og markvissum hætti. Innleiðingarferlið byggir á reynslu UNICEF í Bretlandi og Svíþjóð af Réttindaskólaverkefninu síðustu ár. Útlistun á skrefunum sex fylgir hér að neðan, frekari upplýsingar um innleiðingarferlið má nálgast í innleiðingarhandbók Réttindaskóla UNICEF.

1. Að byggja upp grunninn

- UNICEF á Íslandi kynnir hugmyndafræði Réttindaskólans fyrir stjórnendum skóla- og frístundastarfs.
- Skólastjóri og forstöðumaður frístundastarfs taka ákvörðun um þátttöku í verkefninu.
- Skólastjóri, forstöðumaður frístundastarfs og verkefnastjóri Réttindaskóla skrifa undir samstarfssamning.
- Börn, foreldrar og aðrir tengdir aðilar eru upplýstir um þátttöku skólans/frístundaheimilisins/félagsmiðstöðvarinnar í verkefninu.
- Tilnefndir eru 1-2 umsjónarmenn verkefnisins innan skólans og frístundastarfsins.
- Réttindaráð er stofnað.

2. Kortlagning

- Réttindaráðið og umsjónarmenn kortleggja réttindi og velferð barna í skóla- og frístundastarfi.
- Viðhorfskönnun er lögð fyrir öll börn og starfsfólk.
- Öryggiskönnun er unnin af hverjum bekk.
- Aðgengiskönnun er unnin af hverjum bekk.

3. Fræðsla

UNICEF á Íslandi heldur námskeið og fræðsluerindi fyrir starfsmenn, börn og forsjáraðila.

- **Barnasáttmálinn, 1. hluti – 2 klukkustundir fyrir fullorðna**

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, um réttindi barna og hvað það þýðir að vera Réttindaskóli.

- **Barnasáttmálinn, 2. Hluti – Hálfur dagur fyrir fullorðna**

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur séu öryggir þegar þeir vinna út frá Réttindaskólaverkefninu, Barnasáttmálanum, aðalnámskrá grunnskóla og viðmiði um gæði í frístundastarfi. Einnig er samræmi milli íslenskra laga og Barnasáttmálans skoðað.



- **Aðgerðaáætlun – 2 klukkustundir fyrir umsjónarmenn og réttindaráð**

Markmið námskeiðsins er að ræða um gerð aðgerðaáætlunar og um það hvernig Barnasáttmálinn geti verið rauður þráður í skóla- og frístundastarfinu. Hvað er gert vel þegar kemur að sáttmálanum og hvað væri hægt að gera betur? Á námskeiðinu verða gefin hagnýt dæmi og ráð.

- **Barnasáttmálinn og Réttindaskólinn – 2 klukkustundir fyrir réttindaráð**

Markmið námskeiðsins er að fræða börn um Barnasáttmálann og tryggja að þau hafi þekkingu á réttindum sínum. Grundvallarforsendur Barnasáttmálans verða ræddar. Frekara markmið er að börn og ungmenni geti í framhaldinu frætt fulloröna.

- **Börn fræða fulloröna um Réttindaskólaverkefnið– Viðburður fyrir forsjáaraðila og aðila tengda skóla- og frístundastarfi.**

Viðburður þar sem foreldrum og öðrum tengdum aðilum er boðið upp á fræðslu um Barnasáttmálann og Réttindaskóla.

- **Skóli og frístundamiðstöðvar hefja vinnu við gerð aðgerðaáætlunar.**

4. Aðgerðaráætlun

Réttindaráðið býr til aðgerðaráætlun fyrir innleiðingu verkefnisins. Áætlunin byggir á niðurstöðum viðhorfs-, öryggis- og aðgengiskönnunum ásamt svörum við gátlistum sem fylgja forsendum Réttindaskólans.

5. Innleiðing

- Aðgerðaáætlun framkvæmd.
- Jafnréttisáætlun yfirfarin, kynnt og gerð virk (ef hún var það ekki þegar).
- UNICEF heldur námskeið um tilkynningarskylduna og þörf fyrir samræmt verklag þegar kemur að því að tilkynna grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum.
- Eineltisáætlun yfirfarin í samráði við börn, kynnt og gerð virk (ef hún var það ekki þegar).
- Sameiginleg viðmið búin til innan skólans fyrir tilkynningar til barnaverndaryfirvalda, viðmiðið er kynnt fyrir börnum og starfsfólki.
- Sameiginleg viðmið fyrir lausn ágreinings innleitt.

6. Úttekt og viðurkenning

- Kortlagning endurtekin
- Viðhorfskönnun fyrir börn og starfsfólk
- Aðgengiskönnun unnin af hverjum bekk.
- Öryggiskönnun unnin af hverjum bekk.
- Réttindaráðið sendir UNICEF skýrslu um innleiðingu verkefnisins og óskar eftir úttekt (að því gefnu að ráðið telji skólann tilbúinn til að sækja um viðurkenningu).
- UNICEF fer yfir skýrsluna og mætir í úttektarheimsókn.



- Ef skólinn og frístundaheimilið/félagsmiðstöðin uppfylla forsendur Réttindaskólans veitir UNICEF þeim viðurkenningu sem Réttindaskóla.
- Fáni, viðurkenningarskjal og gardína Réttindaskóla UNICEF afhent.

Fjárhagsforsendur

Heildarkostnaður sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir Unicef vegna verkefnisins skólaárið 2018-2019 nemur alls kr. 5.280.000,- Greiðslur skulu fara fram með eftirfarandi hætti:

Þann 15.10.2018 kr. 2.640.000,-

Þann 15.03.2019 kr. 2.640.000,-

Ekki er um frekari greiðslur að ræða af hálfu skóla- og frístundasviðs.

Verði um verulegar vanefndir að ræða á skyldum annars hvors samningsaðila skv. samningnum er gagnaðila heimilt að rifta samningnum og/eða krefjast endurgreiðslu, án frekari fyrirvara eða aðvarana. Áður en til riftunar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frests, sem skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 14 dagar.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsins skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík, 18.maí 2018

f.h. UNICEF á Íslandi

f.h. Skóla-og
frístundasviðs
Reykjavíkurborgar

Bergsteinn Jónsson



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samningur SFS við UNICEF um Réttindaskóla og Réttindafrístund

Alþingi Íslands lögfesti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins í mars 2013. Í tilefni lögfestingarinnar skipaði borgarstjóri Reykjavíkur starfshóp. Markmið með stofnun starfshópsins var samkvæmt erindisbréfi að tryggja að öll starfsemi Reykjavíkurborgar taki mið af þeim skuldbindingum sem leiða af lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Hlutverk hópsins var að vinna samantekt á þeim þáttum í stjórnslu og þjónustu Reykjavíkurborgar sem snúa að skuldbindingum sem leiða af lögfestingu barnasáttmálans. Í erindisbréfi var vísað til samþykkrar tillögu borgarstjórnar á fundi borgarráðs þann 4. september 2014.

Meðal tillagna sem starfshópurinn lagði fram var mikilvægi markvissrar fræðslu fyrir starfsfólk, kjörna fulltrúa og borgarbúa með sérstaka áherslu á börn. Einnig að innleiðing sáttmálans hjá Reykjavíkurborg hefjist sem fyrst og innleiðingaráætlun taki mið af því að hægt sé að fagna stórum áfanga á 30 ára afmæli barnasáttmálans árið 2019. Innleiðingin taki mið af reynslu annarra þjóða og þekkingu sem þegar er til, m.a. á vegum UNICEF, þar sem til er innleiðingaráætlun sem sniðin er að sveitarfélögum undir heitinu Barnvænt samfélag (e. Child Friendly Cities).

Starfshópur um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi skóla- og frístundasviðs var skipaður í mars 2016 og skilaði skýrslu í júní 2016. Meðal tillagana hópsins var að hefja markvissa innleiðingu Barnasáttmálans í öllu starfi á vegum skóla- og frístundasviðs m.a. með því að fara í aukið samstarf við UNICEF um vinnu við Réttindaskóla barna gera áætlun um fyrirkomulag þeirrar vinnu.

Haustið 2016 fóru frístundaheimilin Laugarsel og Dalheimar ásamt félagsmiðstöðinni Laugó í samstarf við Laugarnes- og Laugalækjarskóla varðandi Réttindaskóla UNICEF.

Réttindaskólinn er vinnulíkan fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Skólar og frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna eftir

líkaninu leggja sáttmálann til grundvallar í starfi sínu, skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum. Áhersla er lögð á að skapa umhverfi sem byggist á þátttöku, jafnrétti og virðingu. Markmið Réttindaskólans er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi. Laugarnesskóli og frístundaheimilið Laugasel hlutu viðurkenningu Unicef sem Réttindaskóli og Réttindafrístundaheimili vorið 2017 og 18. maí 2018 hlutu Laugalækjarskóli, félagsmiðstöðin Laugó og frístundaheimilið Dalheimar viðurkenningu Unicef sem Réttindaskóli, Réttindafrístundaheimili og Réttindafélagsmiðstöð og er það í fyrsta sinn í heiminum sem Unicef veitir félagsmiðstöð slíka viðurkenningu.

Nú er ætlunin að yfirfæra þetta verklag og vinnubrögð á annan borgarhluta þ.e. næsta samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs við UNICEF er að útfæra þetta verkefni á fleiri samstarfsaðila innan skóla- og frístundasviðs þ.e. grunnskóla og frístundamiðstöð í Vesturbænum, þ.e. Melaskóla, Grandaskóla, Vesturbæjarskóla, Hagaskóla auk frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar.

Samkvæmt samningi við Unicef er kostnaður skóla- og frístundasviðs kr. 5.280.000.- á árunum 2018 – 2019 og rúmast kostnaðurinn innan fjárheimilda sviðsins.